

Skipulag sjálfbóðaliða- og fræðsluverkefna við náttúruvernd

með íslenskum þátttakendum - Leiðbeiningar fyrir skipuleggjendur



YFIRLIT:

Inngangur	2
Ávinningar sjálfbóðaliðaverkefna í þágu náttúrunnar	2
Skipulag verkefnis	3
Kynning og öflun sjálfbóðaliða	4
Undirbúningur verkefnisins (viku fyrir viðburð).....	5
Framkvæmd verkefna á svæðinu	5
Eftir verkefnið	6
Viðauki.....	6

Inngangur

Umhverfisstofnun hefur síðan árið 2012 skipulagt verkefni fyrir íslenska sjálfbóðaliða, sem er dagsviðburður, í samstarfi við tvo framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu, Menntaskólann við Hamrahlíð og Fjölbautaskólann við Ármúla. Gefst nemendum skólanna tækifæri til að gerast sjálfbóðaliðar og fá fyrir það einingar (sjá nánari skilgreiningar um sjálfbóðaliðastarf í viðauka).

Umhverfisstofnun skipuleggur verkefnið og sér um þjálfun sjálfbóðaliða en sjálfbóðaliðarnir vinna aðallega í verkefnum tengdum náttúruvernd t.d. viðhald gönguleiða, vistheimt og endurheimt landslags.

Í þessari skýrslu er lögð áhersla á að veita upplýsingar og leiðbeiningar fyrir skipuleggjendur sem gætu verið, til dæmis sjálfbóðaliðasamtök, landeigendur, sveitarfélög eða aðrar opinberar stofnanir, um hvaða þætti þarf að hafa í huga til að skipuleggja sjálfbóðaliðaverkefni sem eru dagsverkefni. Einnig er hægt að nýta efnið til að skipuleggja verkefni sem eru lengri en einn dagur, en fela ekki í sér gistingu utan heimilis fyrir þátttakendur. Þannig að hægt er að nýta leiðbeiningarnar fyrir fleiri hópa en nemendahópa t.d. eldri borgara og félagasamtök.

Ávinningar sjálfbóðaliðaverkefna í þágu náttúrunnar

Viðburðir sem þessir snúast ekki einungis um framkvæmdirnar. Helsti ávinningur af verkefnum er sú fræðsla og vitundarvakning sem þátttakendur (t.a.m. nemendurnir eða eldri borgararnir) hljóta með því að gerast sjálfbóðaliðar í náttúruvernd. Umhverfisstofnun leggur áherslu á fræðslu, bæði í verklagi og hugmyndafræði um göngustígagerð, sem og um sérstöðu einstakra náttúruverndar- og útivistarsvæða.

Ef skipuleggjandinn er ekki umsjónarmaður á því náttúruverndarsvæði sem áætlað er að vinna á, þá er nauðsynlegt að hann sé með þekkingu á náttúruverndarastörfum, og að verkefni séu alltaf unnin í samráði við viðkomandi sveitarfélag, landeiganda, og Umhverfisstofnun (eða aðra hlutaðeigandi).

Skipulag verkefnis

Þessi kafli veitir upplýsingar um þau atriði sem skipuleggjendur þurfa að hafa í huga við skipulagningu sjálfbodaliða- og fræðsluverkefna í náttúruvernd. Fyrst er nauðsynlegt að fara í vettvangsferð, safna saman upplýsingum um svæðið, athuga þarf hvort ástandsmat fyrir svæðið sé til og nota það við forgangsröðun til að athugunar á því hver helstu vandamálin eru. Það þarf að setja sér tímamörk eða tímaáætlun. Mikilvægt er að setja verkefni í rekstraráætlun haustið á undan, svo hægt sé að ráðstafa fjármagni í verkefnið næsta ár, eða sækja um styrk.

- Velja verkefni : t.d. uppræta ágengar tegundir, raka yfir för eftir utanvegaakstur, lagfæringar / viðhald göngustíga. Í kjölfarið þarf að áætla dagsetningu viðburðar.

Staðsetning náttúrusvæðis (aðgengi), árstími og tegund verkefna eru mikilvæg atriði til að hafa í huga þegar verkefni er skipulagt, þar sem það mun hafa áhrif á hvað hentar hverjum hóp.

Til dæmis væri verkefni um upprætingu lúpínu í Rauðhólum hentugt fyrir svona viðburð en svæðið er ekki aðgengilegt með almenningsgöngum. Esjan eða Fossvogsbakkar eru hins vegar aðgengileg svæði með strætó.

- Mikilvægt er að vera í sambandi við landeiganda, sveitarfélag og aðra umsjónaraðila eða stofnanir s.s. Umhverfisstofnun til að fá leyfi til að vinna á svæðinu.
- Athuga þarf hvaða hópar gætu verið hentugir fyrir verkefnin (t.d. skólahópar, eldri borgarar, félagasamtök) og vera í sambandi við kennara eða leiðbeinendur og athuga hvort þeir væru til í að taka þátt.

Lagt er til að verkefni sem eru með hærra fræðslugildi verði framkvæmd með yngri hópum. Sem dæmi væri ofangreint verkefni á Rauðhólum hentugt fyrir skólahópa af því að svæðið er með hátt fræðslugildi, t.d. um jarðfærði.

- Reikna þarf hversu mikinn tíma verkið tekur og stærð hópa miðað við 3-5 klst. á dag í raunvinnu.

Til dæmis í Rauðhólum er hægt er að koma á svæðið með stærri hópa, allt að 20 manns.

Þar sem um dagsvinnu er að ræða er mikilvægt að skipuleggja verkefnin þannig að hægt sé að ljúka þeim innan tilsetts tíma. Það bætir upplifun þátttakenda að sjá afurð/klárað verkefni.

- Reikna þarf þörf fyrir verkfæri – hvað, hversu mörg.

Skipulag verkefnis mun hafa áhrif á fjölda og tegundir verkfæra. Betra er að taka fleiri/rétt verkfæri en færri (a.m.k. 1 verkfæri á mann), þar sem það er ekki gott að láta sjálfbodaliða mæta á staðinn og upplifa sig ekki sem þátttakendur í verkefninu vegna skorts á verkfærum (sjá verkfæralista í viðauka).

- Reikna þarf þörf fyrir heilsu-/öryggisbúnað – s.s. vinnuhanska, regngalla, öryggisgleraugu, sjúkrakassa.

Hægt er að bjóða sjálfbodaliðum vinnuföt t.d. vinnuhanska og regngalla til að vera viss um að sjálfbodaliðar séu klæddir á viðeigandi hátt. Klæðnaður er mikilvægur bæði vegna öryggis og þæginda og auka jafnvel afköst framkvæmda. Það er líka hægt að biðja sjálfbodaliða um að koma með sín eigin vinnuföt en það þarf að koma skýrt fram hversu mikilvægt er að vera vel klædd, með föt sem er þægilegt að vinna í. Það er mjög mikilvægt að

benda á mikilvægi þess að vera í góðum og þægilegum gönguskóm, stígvélum eða aðra skó sem henta. Skipuleggjendur geta útvegað annan öryggisbúnað t.a.m. öryggigleraugu eftir þörfum. Mikilvægt er að taka sjúkrakassa með sér á vinnusvæðið.

- Reikna þarf hvort nauðsynlegt sé að hafa sjálfbóðaliðs-/hópstjóra með reynslu til að stýra þátttakendum í verkefninu á svæðinu (almennt er ráðlagt að hafa 1 hópstjóra fyrir 4-5 þátttakendur). Vera í sambandi við hópstjóra og athuga hvort þeir væru til í að taka þátt.

Til að stýra betur sjálfbóðaliðum á vinnusvæðinu, sérstaklega yngra fólki, er æskilegt að hafa 1 hópstjóra fyrir 4-5 sjálfbóðaliða til að vinnan verði markvissari en líka til að auka tækifæri til að koma fræðsluþjálfun á framfæri á meðan á verkefni stendur. Hópstjóri hefur einnig betri yfirsýn yfir öryggisatriði t.d. meðhöndlun verkfæra.

- Gera kostnaðaráætlun (leiga á tækjum, matur, búnaður)

Áður er farið er af stað er mikilvægt að meta kostnað allra þátta verkefnisins og tryggja að allir þættir svo sem kostnaður við öryggiþætti sé tekinn inn til að tryggja öryggi og góða upplifun sjálfbóðaliða í verkefninu.

Til dæmis þarf að setja í kostnaðaráætlun kaup á verkfærum eftir þörfum, mat fyrir sjálfbóðaliða (yfirleitt er boðið upp á kaffi, te, djús, kex, súkkulaði og ávexti) og búnað s.s. vinnuhanska og vinnugalla. Hefð er fyrir því að gefa t.d. bol eða buff sem þakklætisvott.

- Skipuleggja þarf kynningu fyrir væntanlega sjálfbóðaliða.

Vera í sambandi (a.m.k. einum mánuði fyrir ráðgerðan dag) við kennaraleiðbeinanda og ákveða hvenær og hvar verður haldin kynning. Undirbúa glærुकynningu.

Kynning og öflun sjálfbóðaliða

Halda skal kynningu ca. einni viku fyrir verkefnið. Kynningin er mikilvægur partur af verkefninu af því að hún útskýrir hugmyndafræði um sjálfbóðaliðastarf í þágu náttúru og þar koma fram praktískar upplýsingar um verkefnið sjálft.

Í kynningu verkefnisins (á fjarfundi eða á staðnum) skal hafa í huga eftirfarandi atriði:

- Lýsing: útskýra þarf hvert verkefnið er.
- Markmið: af hverju er mikilvægt að gera þetta verkefni.
- Svæði: er þetta á friðlýstu svæði, hvaða friðlýsta svæði, hvað maður getur fundið á þessu svæði (hraun, votlendi, lífríki) og hvaða reglur gilda á svæðinu.
- Hvar er mæting og hvernig kemst viðkomandi á staðinn.
- Hversu langan tíma tekur verkefnið, minna á að það er gert ráð fyrir matarhlé/hlé.
- Hvaða búnað og föt eru mikilvæg að taka með sér.
- Um mat: Það er hefð að skipuleggjandi komi með léttar veitingar t.d. kex, ávexti, te/kaffi. Best er að þátttakendur komi með sitt eigið nesti vegna t.d. ofnæmis eða sérþarfa. Þátttakendur ættu einnig að taka með sér drykki á brúsa t.d. vatn.
- Þjóða þarf fólki að taka þátt og skrá sig innan tímamarka (afhenda eða senda skráningablað til kennara/leiðbeinanda sem mun sjá um skráningu).

Undirbúningur verkefnisins (viku fyrir viðburð)

- Taka saman lista yfir þátttakendur, ásamt símanúmerum og netföngum þeirra (vera í sambandi við kennara/leiðbeinanda).
- Vera aftur í sambandi við hópstjóra með reynslu af sjálfbóðaliðastörfum (ef þörf er á) sem munu koma til að aðstoða í verkefninu - og staðfesta komu þeirra.
- Kaupa verkfæri, mat og búnað sem þarf fyrir hópinn. Athuga hvort þurfi að leigja bíl ef stefnt er á að bjóða sjálfbóðaliðunum far.
- Athuga með veðurspá fyrir dag viðburðarins og vera með aðra ráðstöfun ef veðrið verður slæmt, t.d. mætti stytta vinnudag eða hafa matarhlé inni í nærliggjandi húsnæði (ef þess er kostur).
- Senda þátttakendum tölvupóst til staðfestingar og minna á staðsetningu, hvenær á að mæta og hvaða útbúnaður er nauðsynlegur.
- Hlaða vinnubíl/-bíla með öllum búnaði, verkfærum og mat. Mikilvægt er að búa til lista svo að ekkert gleymist.

Framkvæmd verkefna á svæðinu

- Skipuleggjendur koma á staðinn a.m.k. 30 mínútum á undan þátttakendum til að undirbúa verkfæri, mat og búnað t.d. hanska og regngalla. Skipuleggjendur munu svo taka á móti þátttakendum og merkja inn á lista.
- Útdeila búnaði: t.d. hönskum, regngöllum.
- Skipuleggja daginn: gefa þátttakendum upplýsingar um tímaáætlun (hvenær er matarhlé o.s.frv.)
- Kynning um öryggismál: Skipuleggjendur halda stutta kynningu um öryggismál: hvernig maður á að nota verkfærin og bera þau til og frá vinnusvæði.
- Skipta í hópa í ca. 4 manna hópa + 1 hópstjóra.
- Útdeila þarf verkfærum á hvern hóp.
- Skipuleggjendur munu svo fara á staðinn og tryggja að hópar vinni ekki á sama stað (vel dreift á vinnusvæðið).
- Sýna þátttakendum verklag – mikilvægt er að þátttakendur fari eftir leiðbeiningum
- Verkefnið unnið. Muna að njóta!
- Í lok verkefnis er mikilvægt að þátttakendur skili öllum búnaði og verkfærum á þann stað sem beðið er um.
- Það er hægt að verðlauna þátttakendur með t.d. buffi.
- Mikilvægt er að taka ljósmyndir fyrir, á meðan og eftir að verkefni er lokið og gaman er að taka hópmynd í lokin.

Ath. Þegar um er að ræða skólahópa eða hópa yngri fólks, þá er æskilegt að kennari eða leiðbeinandi taki þátt í verkefninu.

Eftir verkefnið

- Ganga þarf frá búnaði
Til að endurnýta búnað og verkfæri, er mikilvægt að þvo og þrifa það sem þarf og geyma fyrir næsta verkefni.
- Skýrslugerð og kynning (ljósmyndir og frétt á samfélagsmiðlum)
Skipuleggjendur gera stutta skýrslu um verkefnið með ljósmyndum. Hægt er að nýta efnið til að kynna verkefni á samfélagsmiðlum.
- Senda tölvupóst til allra þátttakenda til að þakka fyrir gott samstarf og samveruna (og senda skýrslu og ljósmyndir og hlekk á fréttatilkynningu).
- Taka saman raunkostnað.
Gott er að hafa yfirsýn á hversu mikið svona verkefni kostar. Hægt er að nota upplýsingarnar t.d. til að sækja um styrk fyrir næsta verkefni.

Viðauki

- Hlekkur á skilgreiningu sjálfbóðaliðastarfs: <https://ust.is/nattura/sjalfbodalidar/sjalfbodalidar-icv/>
- Hlekkur á Facebook vefsíðu : www.facebook.com/ICV.is
- Hlekkur á útbúnaðarlista, skýrslur og fl.: <https://ust.is/english/volunteers/resources/>